

Lesefni við lokahátíðir  
Stóru upplestrarkeppninnar  
í 7. bekk

2018–2019



Skáld keppninnar  
Ævar Þór Benediktsson  
og  
Anna Sigrún Snorradóttir

Raddir,  
samtök um vandaðan upplestur og framsögn  
febrúar 2019

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2019.

Búningur sögunnar eftir Ævar Þór Benediktsson er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er það aðlagð örlítið og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

## Efni kversins

<b>Inngangur — leiðbeiningar .....</b>	<b>4</b>
<i>Um val á lesköflum .....</i>	<i>4</i>
<i>Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð .....</i>	<i>5</i>
<i>Um röð flytjenda.....</i>	<i>5</i>
<b>Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð .....</b>	<b>6</b>
<b>Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni <i>Þín eigin þjóðsaga</i> eftir Ævar Þór Benediktsson .....</b>	<b>7</b>
<i>Inngangur kynnis .....</i>	<i>7</i>
<b>Önnur umferð: Ljóð eftir Önnu Sigrúnu Snorradóttur .....</b>	<b>26</b>
<i>Inngangur kynnis .....</i>	<i>26</i>

# Inngangur — leiðbeiningar

## Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2019. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

**Í fyrstu umferð** verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Þín eigin Þjóðsaga* eftir Ævar Þór Benediktsson. Þessum svipmyndum er hér skipt í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáist í flutninginn er mælt með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	11-18
9 lesarar	3-11 eða 8-16
10 lesarar	2-11 eða 8-17
11 lesarar	1-11 eða 8-18
12 lesarar	1-12
13 lesarar	3-15
14 lesarar	1-14 eða 3-16
15 lesarar	3-17
16 lesarar	2-17
17 lesarar	1-17 eða 2-18
18 lesarar	1-18

Flytjendur fá að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hverri hátíð í viku til tíu daga. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir loka-hátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

**Í annarri umferð** lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Önnu Sigrúnu Snorradóttur. Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum

sem prentuð eru í þessu hefti. Gott er að val nemenda dreifist á sem flest ljóð.

**Í þriðju umferð** lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt. Gott er að kennarar hvetji nemendur til að velja ljóð utan skólabóka.

## Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

**Áður en upplestur hefst** fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

**Í upphafi fyrstu umferðar** fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að sögu Ævars Þórs, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

**Í upphafi annarrar umferðar** fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Önnu Sigrúnu eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

**Í þriðju umferð** segir kynnir í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

## Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

# Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð

1. \_\_\_\_\_
2. \_\_\_\_\_
3. \_\_\_\_\_
4. \_\_\_\_\_
5. \_\_\_\_\_
6. \_\_\_\_\_
7. \_\_\_\_\_
8. \_\_\_\_\_
9. \_\_\_\_\_
10. \_\_\_\_\_
11. \_\_\_\_\_
12. \_\_\_\_\_
13. \_\_\_\_\_
14. \_\_\_\_\_
15. \_\_\_\_\_
16. \_\_\_\_\_
17. \_\_\_\_\_
18. \_\_\_\_\_

# Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Þín eigin þjóðsaga* eftir Ævar Þór Benediktsson

## Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru þau Ævar Þór Benediktsson og Anna Sigrún Snorradóttir.

Ævar Þór fæddist 9. desember árið 1984. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 2004 og prófi úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands árið 2010. Ævar Þór hefur víða komið við sem höfundur þátta í útvarpi og sjónvarpi og má þar nefna sérstaklega þættina um Ævar vísindamann. Fjórum sinnum hefur hann staðið fyrir lestrarátaki sem notið hefur mikilla vinsælda og verið hvatning til að efla læsi ungmenna.

Ævar Þór hefur hlotið fjölda viðurkenninga, bæði fyrir ritverk sín og ýmsar þáttaraðir í fjölmiðlum. Árið 2015 var Ævar Þór tilnefndur sem einn af tíu *framúrskarandi ungum Íslendingum* og sama ár hlaut bók hans, *Þín eigin þjóðsaga*, verðlaun sem besta íslenska barnabókin.

Verðlaunabókin *Þín eigin þjóðsaga* er öðruvísi en allar aðrar bækur — því hér gerist lesandinn sjálfur söguhetja, og ræður hvernig sagan fer. Ef lesandinn verður hræddur getur hann ákveðið að láta söguna enda fljótt og vel, eða valið að taka áhættu og halda áfram.

Í köflunum sem hér verða lesnir tekur þú áhættuna og laumast um borð í skip á leið til útlanda. Í lestinni, þar sem þú felur þig, hittir þú þrjá unga menn, Sæmund, Hálf dán og Kálf. Þeir eru á leið til Þýskalands í skóla þar sem kenndir eru galdrar og þú ákveður að slást í hópinn. Í skólanum er enginn kennari, aðeins risastórt bókasafn — og nemendur mega lesa eins og þá lystir.

*Góða skemmtun!*

## 1. Sjóferð

Þú þorir ekki upp!

Þú veist hvorki hverjir eru á vappi uppi á dekki né hvað þeir myndu gera við þig ef þeir sæju þig. Þú hleypur aftur niður tröppurnar og treður þér á milli kassa og sekkja. Áður en þú kemur þér fyrir eins þægilega og þér er unnt passar þú að ógeðslega rottan sé hvergi nærri.

Þú heyrir hamagang að ofan og fyrir en varir er skipið komið af stað. Þú rennir niður úlpunni, klæðir þig úr henni og reynir að breiða hana yfir þig eins og sæng.

Vonandi finnur þig enginn.

\* \* \*

Það hafa liðið nokkrir dagar.

Til þess að svelta ekki heilu hungri hefurðu þurft að gæða þér á söltuðum fiski og öðru álíka góðgæti sem þú hefur stolist í úr vörum lestarinnar. Dyrnar að lestinni virðast ekki vera sérstaklega þéttar, því þegar það fer að rigna lekur vatn meðfram þeim. Þú hleypur til og lætur leka í lófann svo þú hafir eitthvað að drekka. Þér er illt í maganum og þig langar heim.

Skipslestin virðist vera nokkuð úr leið. Enn sem komið er hefur enginn átt leið hér um en þú reynir samt alltaf að koma þér þannig fyrir að ef einhver skyldi slysast niður myndi hann ekki sjá þig.

Rottan hefur lítið látið á sér kræla — sem betur fer. Þú reynir að sofa. Tíminn líður hraðast þannig.



## 2.

„Halló?“

Þú ert steinsofandi. Í draumnum sem þig er að dreyma ertu einhvers staðar úti í sveit að leika við lítinn, sætan hund sem er alls ekki rotta. Þú kastar bolta og seppi eltir hann og kemur með tuðruna til baka. Mikið er lífið skemmtilegt og einfalt í sveitinni ...

„Halló?“

Allt í einu snýr hundurinn sér að þér og talar! Hann segir *halló*. Þetta er ótrúlegt! Þú skríkir og klappar saman lófunum og það er ekki fyrr en hundurinn heilsar þér í þriðja skiptið sem þú fattar að það er ekki hann sem er að tala.

Röddin kemur ekki úr draumi. *Það er einhver í lestinni!* Þú glennir upp augun og horfir beint í andlitið á ókunnugum, ungum manni!

Þú hrópar upp yfir þig.

Aumingja mannum verður svo um og ó að hann hleypur aftur á bak og beint á stóran *vaðmáls*-kassa.

„Á!“ segir hann og nuddar aumt bakið. „Þetta er óþægilegt.“

Þú færð umsvifalaust samviskubit.

„Fyrirgefðu,“ segirðu lágt, „mér brá bara svolítið.“

Ungi maðurinn er hávaxinn og myndarlegur, klæddur í síðan, svartan frakka. Hárið er snjóhvítt og hrokkið — ekki ósvipað ull á kind.

### 3.

Hann heldur á þykkri bók og af því að hann á greinilega ekkert bókamerki — eins og allir sem lesa ættu að eiga — hefur hann stungið vísifingri á kaf í miðja bókina til að muna hvert hann var kominn.

Hann gengur varlega til þín þar sem þú reynir að staulast á fætur. Jafnvægið er ekki alveg vaknað og þú dettur nærri því á rassinn. Maðurinn er nánast kominn alveg að þér þegar hann réttir út aðra höndina og brosir.

„Sökin er mín. Ég hefði ekki átt að koma svona nálægt,“ segir hann og hjálpar þér á fætur. Þú lítur varlega í kringum þig og sérð að hann er einn.

„Takk,“ segir þú lágt og dustar rykið af buxunum þínum.

„Hvað ertu að gera hérna niðri?“ spyr hann forviða. Þú stamar einhverja vitleysu því þú veist ekki hverju þú ættir að svara. Maðurinn lætur það ekki á sig fá. „Ég kom til að lesa. Það eru allt of mikil læti þarna uppi.“

„Uss,“ hvíslar þú og bendir honum á að koma nær. „Það má enginn vita að ég sé hérna.“ Við þetta stækka augun í unga manninum og hann starir á þig forviða.

„Þú ert laumufarþegi,“ hrópar hann næstum því. Þú kinkar kolli veiklulega.

Hann hleypur af stað!

#### 4.

Þú heldur í fyrstu að hann ætli að láta skipstjórann vita en þegar þú sérð hann hlaupa álkulega um lestina gerirðu þér grein fyrir því að hann er að athuga hvort einhver annar sé nálægur. Þegar hann kemur mäsandi til baka er hann nánast óðamála af forvitni.

„Hvert ertu að fara? Af hverju ertu að laumast í lestinni? Hver ertu eiginlega?“ Spurningarnar dynja á þér eins og íslensk rigning — úr öllum áttum. „Af hverju ertu í svona skrítnum fötum? Og hvernig ...“

Hann nær ekki að klára spurninguna því hann er svo móður.

„Fyrirgefðu,“ másar hann og strýkur svitadropa af enninu. „Ég er ekki vanur því að hlaupa. Finnst betra að sitja og lesa og hugsa.“ Hann hlammar sér á stóran kassa og skiptir um putta í bókinni. Hann dregur djúpt að sér andann áður en hann spyr spurningar sem þú áttir alls ekki von á:

„Hvernig get ég hjálpað þér?“ Áður en þú nærð að svara byrjar hann að gramsa í öðrum buxnavasanum sínum.

„Þú hlýtur að vera alveg glór .... Ég held þetta sé hérna einhvers staðar ...,“ tautar hann rétt áður en hann rífur upp eitthvað grátt og kubbslaga.

„Gjörðu svo vel,“ segir hann hátíðlega og réttir þér kubbinn. „Lifrarpylsa.“

## 5.

Þú tekur við matnum og skoðar hann vandlega. Lyktin er súr — ekki ósvipuð og fýlan af ípróttafötum sem gleymdist að þvo.

„Takk,“ segir þú eins kurteislega og þér er unnt án þess að kúgast. Þú tekur fyrsta bitann og reynir að hugsa ekki um að þetta sé matur sem hafi verið í vasa. Bragðið er viðbjóðslegt og þú tárast nærri því. Ungi maðurinn situr brosandí og fylgist með. Þú reynir að velta matnum ekki of lengi uppi í þér og kyngir. *Oj, bara!*

„Takk,“ flýtir þú þér að segja eftir fyrsta bitann og réttir honum restina.

„Mín er ánægjan,“ svarar hann að bragði og tekur spenntur við matnum.

„Af hverju ertu eiginlega að hjálpa mér?“ spyrðu og þurrkar þér um munninn með handarbakinu. Hann sest örlítið framur á kassann og glottir.

„Þú vekur forvitni mína,“ segir hann. „Ég hef lesið um laumufarþega. Ég hef bara aldrei hitt einn slíkan.“ Svo fær hann sér bita af lifrarpylsuni.

„Hvert erum við eiginlega að fara?“ spyrð þú.

„Ég og félagar mínir förum úr í Þýskalandi,“ segir ungi maðurinn. „Það er löng ferð en við eigum ekki svo langt eftir.“

## 6.

Þú skoðar hann örlítið betur.

„Í hverju ertu?“ spyrðu. Hann er í afar furðulegum frakka.

„Þetta er hempa,“ segir hann og stendur upp til að þú sjáir hana betur. „Ég er að læra að verða prestur.“ Allt í einu gerir þú þér grein fyrir því að þú hefur alveg gleymt að kynna þig.

Þú réttir fram höndina og segir hvað þú heitir. Hann leggur frá sér stóra bókina, tekur þétt í höndina og hristir vel.

„Gaman að hitta þig,“ segir hann skælbrosandi. „Ég heiti Sæmundur. En vinir mínir kalla mig Sæmund fróða.“

\* \* \*

Það er orðið vont í sjóinn og skipið vaggar til og frá.

Þér er orðið pínulítið óglatt. Kannski var ekkert svo sniðug hugmynd að borða þessa súru lifrarpylsu. Þú reynir að beina huganum eitthvað annað.

„Hvað ætlar þú að gera í Þýskalandi?“ spyrð þú.

„Nú, læra enn meira,“ segir Sæmundur fróði. „Ég er ekki kallaður *fróði* að ástæðulausu. Ég hef lært allt sem hægt er að nema heima á Íslandi.“

„Já, en *hvað* ætlarðu að læra?“ spyrð þú aftur. Sæmundur verður skyndilega laumulegur á svipinn og hallar sér fram.

„*Galdra*.“ Þú tekur andköf!

## 7.

„Ég og tveir kunningjar mínir, Kálfur og Hálfván, heyrðum af skóla í Þýskalandi þar sem kenndir eru galdrar og annar fróðleikur,“ heldur Sæmundur fróði áfram spenntur. „Þar er enginn kennari, aðeins risastórt bókasafn — og þú mátt lesa eins og þig lystir. En það er ekki allt! Á skólanum eru engir gluggar og inni er kolniðamyrkur!“

„En hvernig farið þið þá að því að lesa?“ spyrð þú forviða.

„Letrið í bókunum er *eldrautt*,“ þískrar Sæmundur fróði með blik í augum. „Geturðu ímyndað þér það? Algjört myrkur, fyrir utan eldrauða stafi!“ Hann stendur upp og byrjar að tala hærra og hærra. „Allur fróðleikur í öllum heiminum! Það eina sem þú þarft að gera er að opna bækurnar og lesa. Í Svartaskóla er allt mögulegt!“ Hann geislar af gleði og spenningi.

„*Svartaskóla*?“ spyrð þú og líst ekki alveg á nafnið. Sæmundur fróði horfir á þig og allt í einu er eins og hann fái hugmynd.

„Viltu kannski koma með?“ spyr hann.

Þú laumast upp úr skipslestinni með hinum nýja félaganum þínum og ef einhver um borð spyr segir Sæmundur að þú sért lærlingur.

Félagar Sæmundar fróða, Kálfur og Hálfván, eru ekkert sérlega spenntir fyrir því að hafa þig með en láta sig hafa það.

## 8. Svartiskóli

Umhverfis Svartaskóla er gríðarstór garður. Í raun er varla hægt að kalla þetta garð — þetta er frekar eins og mýri. Áður en langt um líður eru allir orðnir blautir í fæturna.

„Þarna,“ segir Sæmundur loks og bendir. Og viti menn! Umvafðar vafningsviði má sjá illa veðraðar dyr með ryðguðum húni.

„Ertu viss um að við séum á réttum stað?“ spyr Hálfván svartsýnn.

Sæmundur kinkar hægt kolli.

„Þurfum við að fara strax inn?“ spyr Kálfur vongóður. „Það er svo fallegt veður.“ Sæmundur fróði hundsar félaga sína og saman gangið þið hægt að dyrunum. Eftir því sem þið nálgist þær er eins og loftið í kringum ykkur hitni. Þú lítur niður og sérð að hér er engin mýri — hitinn hefur þurrkað upp vatnið í jörðinni.

Þið nemið staðar við dyrnar og allt í einu langar þig ekkert að vera þarna.

„Má ekki bjóða þér að taka í húninn?“ spyr Sæmundur og víkur örlítið til hliðar.

„Ég?“ spyrð þú forviða. „Af hverju ég?“

Þegar fólk verður hrætt bregst það við á mismunandi hátt. Sumir hlaupa í felur, aðrir gráta, enn aðrir ljúga. Sæmundur fróði er greinilega í þriðja hópnum.

## 9.

„Ja, sko,“ segir hann og er skyndilega orðinn mjög alvarlegur á svip, „ég þarf að halda á bókinni minni. —Sjáðu bara,“ og hann sýnir þér með miklu látbragði hversu þung bókin er. Hann lítur hálfasnalega á þig og af því að þú vilt ekki stríða honum segirðu ekki neitt. Þú ákveður að kyngja óttanum.

Tekur í húninn.

Opnar.

Gríðarlegur hiti skellur á þér. Þú horfir inn og sérð ekkert nema myrkur.

Þið Sæmundur fróði, Hálfván og Kálfur stígið varlega inn um dyrnar. Sæmundur er síðastur og um leið og hann er kominn inn skellist hurðin á eftir honum í lás. Það má engu muna að hún lendi á hælunum á honum.

„Er allt í lagi?“ spyrð þú.

„Já,“ segir Sæmundur og horfir hugsí á dyrnar. „Mér finnst bara eins og ég eigi að segja eitthvað mjög gáfulegt núna.“ Myrkrið gleypir ykkur.

Gangan er löng.

Afar löng ...

Rosalega löng ...

*Alveg hreint endalaust löng!*

Þið fikrið ykkur áfram niður brattar steintröppur og hitinn er gríðarlegur.



## 10.

Brennisteinsfýla fyllir nasirnar eftir því sem neðar dregur. Í eitt skipti finnst þér þú sjá glitta í rauðar glyrnur — en þegar þú gáir betur hverfa þær. Í annað skipti finnst þér þú heyra þungan andardrátt — sem þagnar snarlega þegar þú stoppar til að hlusta.

Skyndilega eru ekki fleiri tröppur. Kálfur er fremstur og af því að það er svo dimmt sér hann ekki að þið hafið náð botninum. Hann dettur nærri því á höfuðið, lendir á Hálfáni sem dettur á þig og þú flýgur á Sæmund.

Þar sem þið liggið á gólfinu í algjöru kuðli sérðu rauðan bjarma í fjarska.

„Hvað er þetta?“ spyrð þú og allir hætta umsvifalaust að kuðlast.

„Hér er hann,“ segir Sæmundur fróði og röddin titrar af spenningi, „*Svartiskóli*.“

Þið stígið inn á bókasafnið sem virðist nánast endalaust. Þú hefur aldrei séð svona margar bækur áður. Fjögur borð og jafnmargir stólar bíða eftir ykkur við innganginn. Sæmundur fróði er svo spenntur að hann rýkur strax af stað. Þú klæðir þig úr úlpunni og hengir hana á snaga sem stendur út úr veggnum. Því næst skoðarðu safnið.

Það eru bækur út um allt; eins *langt* og eins *hátt* og augað eygir.

## 11.

Háir stigar liggja upp eftir úttroðnum bókahillunum og teygja sig upp í myrkrið. Eina ljósið er frá rauðglóandi bókatitlum. Þú grípur fyrstu bókina sem þú sérð og færð þér sæti. Þú opnar hana og starir á rauðglóandi stafina sem fylla hverja opnuna á fætur annarri. Þér til mikillar undrunar er hún á íslensku.

*Rauðskinna* stendur stórum stöfum á forsiðunni. Þú lest í smástund. Út undan þér heyrir þú Kálf og Hálf dán þískra sín á milli. Þeir eru stressaðir.

„Ég bara veit ekki hvort þetta er sniðug hugmynd,“ hvíslar Hálf dán hræddur.

„Við getum ekki hætt núna,“ svarar Kálfur.

„En hvað ef *hann* kemur?“ þískrar Hálf dán og lítur í kringum sig.

„Ef *hver* kemur?“ spyrð þú.

Þeir steinþagna. Kálfur lítur illilega á Hálf dán sem er skömmustulegur á svip. Kálfur nikkar til þín að koma nær. Þú lokar bókinni og röltir til félaganna.

„Hver heldurðu?“ hvæsir Kálfur skelfdur. „Skólastjóri Svartaskóla.“ Nú skilur þú ekki neitt í neinu.

„Ég hélt að hér væru engir kennarar,“ hvíslar þú á móti. „Hver er þessi skólastjóri?“ Hálf dán opnar munninn en kemur ekki upp orði, svo hræddur er hann. Kálfur herðir upp hugann.

„*Kölski!*“ hvíslar hann náfölnur.

## 12.

Kálfur hefur varla sleppt orðinu þegar loðin krumla birtist út úr vegg rétt hjá ykkur! Drengirnir æpa upp yfir sig og hlaupa í felur en þú getur ekki hreyft þig — þetta er það ótrúlegasta sem þú hefur nokkurn tímann séð. Þú starir á gráa, ógeðslega krumluna og sérð að hún heldur á skjóðu. Ættirðu kannski að taka hana? Sæmundur fróði kemur hlaupandi með fangið fullt af bókum.

„Hvað gerðist?“ hrópar hann.

„Það kom eitthvað út úr veggnum,“ segir þú og bendir, án þess að sleppa augunum af krumlunni. Sæmundur nálgast hana rólega, grandskoðar og tekur loks skjóðuna varlega úr henni. Löturhægt opnar hann hana og kíkir ofan í.

„Matur,“ segir hann loks og dregur upp lundabagga<sup>1</sup> og flösku af vatni. Hann kallar á Hálf dán og Kálf sem koma skömmustulegir úr felum og býður þeim með sér. Þér verður hins vegar starsýnt á krumluna sem enn er ekki horfin aftur inn í vegginn.

Og allt í einu — þótt þú vitir vel að það sé alls ekki góð hugmynd — færðu gríðarlega löngun til að slá á útrétta krumluna og gefa henni fimmu.

Þú ákveður að láta krumluna eiga sig.

Skyndilega byrjar hún að hreyfast, kreppist saman og hverfur aftur inn í vegginn.

---

<sup>1</sup> *Lundabaggi*: Innmatur eða kjöt (lundirnar) úr kinda- eða lambaslátri, vafið saman í þykka pylsu eða bagga. Utan um er saumuð þind, magáll eða vömb. L. er oftast borðaður súrsaður eða reyktur.

### 13. Skólalok

Drengirnir klára lundabaggann en skilja eftir smábita handa þér. Þú tekur við honum annars hugar og nartar í hann, um leið og þú virðir fyrir þér bækurnar í kringum þig. Þær eru endalaust margar.

„Ég þyrfti að vera hérna í mörg ár til að komast yfir þetta allt,“ tautarðu á meðan þú kjamsar á bitanum.

Og þar hefurðu rétt fyrir þér.

\* \* \*

Sjö ár hafa liðið og í dag kveðjið þið Svartaskóla.

Þið Kálfur, Hálfván og Sæmundur vitið nú allt sem vita þarf um galdra og annan fróðleik. Þið megið ekki taka neitt með ykkur þegar þið kveðjið skólann en allan þann fróðleik, sem þið getið munað, eigið þið til æviloka. Þú hefur lesið nánast allar bækur á safninu og getur ekki beðið eftir því að sjá sólina á ný.

Eins og Sæmundur fróði sagði er enginn kennari í Svartaskóla en krumlan hefur komið út úr veggnum einu sinni á dag og gefið ykkur að borða og drekka. Enginn annar hefur hafið nám við Svartaskóla síðan þið mættuð á svæðið og því er mikill spenningur að hitta loksins annað fólk.

Þið eruð að leggja af stað upp tröppurnar þegar Sæmundur kveður sér hljóðs.

„Bíðið,“ segir hann. „Augnablik!“

## 14.

Kálfur og Hálfván, sem eru að klæða sig í hempurnar sínar, hætta að spjalla saman og horfa undrandi á félagan sinn. „Það er eitt sem ég átti eftir að segja ykkur.“

„Hvað?“ spyrð þú og sérð að Sæmundur er ekki eins og hann á að sér að vera. Hann er flóttalegur til augnanna og virðist enn fölarí en venjulega.

„Þegar við yfirgefum skólann verðum við að ganga í röð,“ segir hann og bendir upp dimman stigaganginn.

„Það er nú ekkert mál,“ hrópar Kálfur og ætlar sér að hlaupa af stað.

„*Bíddu!*“ hrópar Sæmundur fróði og Kálfur snarstoppar — það er einhver beygur í rödd vinar ykkar.

„Hvers vegna þurfum við að ganga í röð?“ spyr Hálfván smeykur. Svarið er svo hræðilegt að þú færð hnút í magann.

„Það er ekkert gefins í þessum heimi — *Kölski tekur þann sem er síðastur.*“

Þú heimtar að fá að leiða röðina.

Hálfván og Kálfur eru ekki lengi að ákveða að Sæmundur skuli þá vera aftastur. Hann horfir yfir hópinn.

„Gott og vel,“ segir hann loks og í eina sekúndu finnst þér eins og hann glotti.

Þig langar að spyrja hann hvort honum hafi dottið eitthvert snilldarráð í hug en þeir það ekki. Saman gangið þið upp dimmar tröppurnar.

## 15.

Gangan er jafnvel enn lengri á leiðinni upp. Rauðu glyrnurnar og þungi andardrátturinn eru hvergi nærri í þetta skiptið. Þið hafið gengið heillengi þegar þú ferð smám saman að sjá dagskímu í fjarska! Þú gengur hraðar og þegar nær dregur sérðu dyrnar, opnar í hálfu gátt. Þú byrjar að hlaupa og heyrir í Kálfi og Hálfdáni mäsandi á eftir þér. Ekkert heyrir í Sæmundi.

Það eru sjö ár síðan þú sást sólina síðast og skugginn þinn lengist og lengist. Þú átt örfá þrep eftir og trúir því varla að þú sért að sleppa! Þú hleypur út um dyrnar eins hratt og þú getur. Kálfur og Hálfdán fylgja á eftir.

Þú blindast og í smástund sérðu ekki neitt! Þú baðar út í loftið með báðum höndum og finnur loks dyrnar að Svartaskóla. Þú lítur aftur ofan í myrkrið og smám saman venjast augun birtunni í kringum þig.

„Hvar er Sæmundur?“ spyr Kálfur sem stendur nú við hlið þér. Þú hristir höfuðið.

„Hann var ekki langt á eftir okkur,“ segir Hálfdán og skimar yfir öxlinna á þér. Þú reynir að rýna í myrkrið en sérð ekkert. Hvar í ósköpunum er hann? Náði Kölski honum?

Skyndilega sjáið þið glitta í hvítan kollinn. Kálfur rekur upp siguróp!

## 16.

Sæmundur gengur ákveðnum skrefum upp tröppurnar og þú hefur aldrei séð hann svona alvarlegan á svipinn. Þið bakkið og horfið á félaga ykkar taka síðustu skrefin upp úr hyldýpi skólans. Kannski hætti Kölski við. Sæmundur á bara fjórar tröppur eftir.

Þrjár.

Tvær.

Og þá sjáið þið hann. Úr myrkrinu kemur Kölski sjálfur á fullri ferð — hann tekur fjórar tröppur í hverju skrefi, með gapandi kjaft og rauðglóandi augu. Og þú þekkir loðna handleggina vel og gráar krumlurnar sem þeim fylgja. Þær teygja sig eftir Sæmundi og Kölski orgar af spenningi. Það líður yfir Hálf dán af hræðslu og hann skellur á jörðina eins og drumbur. Kálfur veinar og baðar út öllum öngum. Sæmundur hægir hvorki á sér né gengur hraðar — hann er að hugsa eitthvað, þú sérð það greinilega! Kannski er hann með ráð?

En er það sniðugt? Að reyna að leika á sjálfan Kölska?

Þú sérð Kölska nálgast Sæmund á fleygiferð.

Sæmundur lítur á þig og þú sérð að hann er með ráðagerð í huga. Þú kinkar kalli. Þú ert til í slaginn!

„Þig á ég!“ orgar Kölski trylltum rómi og röddin bergmálar um allan Svartaskóla.

Sæmundur, sem hingað til hefur verið frekar rólegur, fyllist nú skyndilega af orku.

## 17.

„Opnaðu dyrnar! Upp á gátt! hrópar hann eins hátt og hann getur.

Þú hleypur til og hendir þér á hurðina. Sólin flæðir inn. Skuggi Sæmundar fyllir stigaganginn. Og nú gerir Sæmundur fróði það fáránlegasta sem hann getur gert: *Hann stoppar!*

„Hvað ertu að gera?“ hróparðu á hann en hann hundsar þig. Þess í stað snýr hann sér að Kölska og hrópar eins hátt og hann getur:

„Ég er ekki seinastur! Sérðu ekki þann sem á eftir mér er?“ Um leið bendir Sæmundur á skuggann sinn.

Við þetta rekur Kölska í rogastans. Hann másar eins og óður hundur og lítur svo hratt í kringum sig að slefan úr honum skvettist á veggina. Þú þorir varla að anda. Sæmundur tekur eitt skref í áttina að dyrunum og um leið hreyfist skugginn. Kölski tekur svo hratt viðbragð að þú sérð það varla.

Hann þrífur í skugga Sæmundar fróða með báðum krumlum og fagnar tryllingslega.

„Þig á ég!“ orgar hann aftur um leið og Sæmundur hendir sér út um opnar dyrnar — skuggalaus.

„Lokaðu!“ æpir hann. Þú starir á Kölska sem nú heldur skugga Sæmundar föngrum og hefur gert sér grein fyrir því að hann hafi verið blekkur.



## 18.

Hann orgar af reiði og grýtir skugganum frá sér sem endasendist hljóðlaust niður í iður Svartaskóla. Svo kastar skrattinn sér á fjóra fætur og skriður af stað, leiftursnöggt!

Í smástund geturðu ekki hreyft þig fyrir skelfingu. Það eina sem þú sérð eru beittar tennur Kölska sem nálgast sífellt hraðar.

„Lokaðu!“ æpir Sæmundur aftur og þú vaknar! Þú grípur í ryðgaðan hurðarhúnninn og skellir í lás. Kölski skellur á hurðinni og að innan heyrir gríðarlegt væl. Þú býst allt eins við því að hann brjóti dyrnar niður, að hann tæti þær í sundur og læsi klónum í ykkur, en þær virðast halda.

Þú horfir á Sæmund sem liggur í grasinu rétt hjá þér.

Hann er skælbrosandi.

Þið sluppuð!

\* \* \*

Sæmundur fróði fékk aldrei skuggann sinn til baka.

Þrátt fyrir það lifði hann góðu lífi og það sama má segja um Hálf dán og Kálf. Þeir fóru allir aftur heim til Íslands og sinntu hinum ýmsu opinberu störfum og urðu allir mjög merkilegir menn.

Þú færð far með þeim félögum aftur heim og ég veit að þú verður ekki lengi að finna foreldra þína. Áður en þú veist af verður allt orðið eins og það var.

# Önnur umferð: Ljóð eftir Önnu Snorradóttur

## Inngangur kynnis

Anna Sigrún Snorradóttir fæddist árið 1920 á Flateyri við Önundarfjörð. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1942 og stundaði síðan nám á Englandi og í Svíþjóð. Anna starfaði á ýmsum vettvangi næstu árin og má þar nefna kennslu og blaðamennsku en lengst af vann hún hjá Ríkisútvarpinu, einkum við dagskrárgerð fyrir börn, og sá í mörg ár um barnatímamann í útvarpinu.

Afar og ömmur þeirra sem hér lesa upp í dag muna án efa eftir barnatímunum í umsjón Önnu Snorradóttur, og vel er hugsanlegt að foreldrar þeirra muni eftir þeim líka.

Anna gaf út sex ljóðabækur auk þess sem hún þýddi nokkrar barnabækur. Anna lést árið 2009.

Nemendur geta nú valið á milli tíu ljóða Önnu Sigrúnar en þau eru:

Í ágústhúminu	Meðan grasið sefur
Svartar perlur	Þegar vorið fór
Mislyndir dagar	Hugsað heim
Gleðiljóð um læk	Árátta orðanna
Hafið mitt	Dagur með barnsaugum

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

*Góða skemmtun!*

# Í ágústhúminu

Sólroðið haf í óskiljanlegum litum  
og í skapi sem ekki verður skýrt.

Allt það sem er en við sjáum ekki  
allt sem við áttum og skildum ekki  
allt það og fleira sem fer ekki hátt  
allt þetta flúr og látleysi í náttúrunni  
— allar þessar gjafir í ágústhúminu —

allt þetta og andblær þess fylgir mér áleiðis ...

## Meðan grasið sefur

Látum þessar dyr sigla sinn  
sjó, við skulum halda fast  
utan um ásetning okkar  
— fara í aðra átt —

þangað sem grasið grær  
— í gróandann —  
fuglar kvaka í lofti  
aðrir sofnaðir  
með nef undir væng;

þar skulum við dvelja  
til morguns,  
faðmast og kyssast  
meðan grasið sefur

læðast burt á undan  
sólinni  
svo að stráin geti rétt úr sér  
eftir nóttina  
— dustað kjólinn.

Þessa mynd á að mála  
— græna og fagurbláa —

fjólurnar í lautinni  
eru þögul vitni.

# Svartar perlur

Undir þakskeggi  
á gömlum skúr  
kúrði fugl  
hræddur lítill fugl.

Tæpast vorkunnsemi  
þótt ég varaði hann við.  
„Farðu,“ sagði ég,  
„hér er hætta  
á ferðum.“

Hann horfði á mig  
óttasleginn  
augun eins og  
svartar perlur  
tillitið umkomulaust.

Var það ég  
sem var hrædd?  
Hann átti  
allan himininn.

## Þegar vorið fór

Hélt þú eins og ég  
að vorið myndi aldrei fara,  
grunaði þig ekkert?

Stundum fannst mér ég sjá  
á baksvipnum að einhver  
breyting væri í nánd.

Tókstu ekki eftir neinu  
þegar það var að tygja sig?  
Ég vildi ekki hafa orð á því,

óttaðist að þú yrðir skelfd  
en mig var búið að gruna lengi  
að þessi stund myndi renna upp.

Og nú er það farið, við grípum  
í tómt, það hefir kvatt  
án nokkurra skýringa.

Af augljósum ástæðum kemur þetta  
engum við nema okkur en ég vildi  
segja þér hug minn áður en kvöldar.

# Mislyndir dagar

Dagurinn  
er eins og hafið  
stundum spegilsléttur  
stundum úfinn, reiður  
en hann á líka til  
að vera í sólskinsskapi.

Gakktu hljóðlega mót  
nýjum degi, gefðu þér tóm  
hann býr yfir leyndardómi  
lætur ekkert uppskátt  
fyrir en þið horfist í augu.  
Þá muntu skilja  
að þú ert dagurinn.

# Hugsað heim

Í nafni lóunnar  
og spóans  
býð ég yður  
að setjast  
á þúfnakoll  
og hlusta  
á andardrátt jarðar

finna blóðbergið  
anga  
heyra læk  
skvettast  
yfir steinvölur  
rætur skrafa  
um örlög  
þegar vatn  
skolaði jarðvegi  
á heimsenda.

Hjal náttúrunnar  
undir næturhimni  
sumars.



# Gleðiljóð um læk

Ef

þér vilduð vera svo góður að  
ganga með mér að uppsprettu  
lækjarins  
setjast í mosann og horfa á hið  
mikla undur þegar lækurinn  
hefur ferð sína,  
leggja lófa yfir vatnið og finna  
hreyfingar lækjarins, sem fæðist  
hverja stund nótt og dag.

Ef

þér vilduð ganga með mér niður  
hlíðina og taka þátt í  
kveðjustund  
þegar lækurinn hættir að vera til  
  
hverfur syngjandi undir gráan  
fjörustein og sameinast brátt  
hinu mikla hafi.

## Árátta orðanna

Þegar ljóð heldur frá bæ  
er það eitt síns liðs  
mjóslegið, áttavíllt

en orð vakna  
allt um kring  
eins og flugur á vori

raða sér svartklædd  
olnboga sig áfram  
inn í línurnar.

óskiljanleg árátta  
orðanna að vilja vera  
þátttakendur í hverju ljóði

það er ekki öllum gefið  
að taka af þeim völdin  
þau standa fast á sínu.

## Hafið mitt

Ég svaf með hafið  
á hægri hönd  
og hlustaði á það  
skamma fjörugrjót  
stundum langt fram á kvöld.

Afskiptalaus ský  
horfðu undrandi á sjóinn  
æsa sig upp  
stundum aftaka vondur  
trylltist hann  
hvæsti og spjó  
þá varð ég hrædd.

En svo komu silfurdagarnir  
þegar hann var svo fríður  
að ég varð ástfangin  
hann skein og glitraði  
kominn í sumarkjól  
af töfradís.

## Dagur með barnsaugum

Þegar ég var lítil  
kom dagurinn ævinlega  
gegnum gler  
stundum með sólargeisla  
í fangi sem fór  
þvert í gegnum húsið  
— ég sá geislana dansa  
— á sænginni minni —

Stundum kom dagurinn  
með vatn og þvoði glerið  
ég hlustaði á vatnið  
syngja en það söng öðruvísi  
en sjórinn og ekki  
eins og lækurinn  
— ég skildi ekki að koddinn  
minn var alveg þurr —

Stundum kom dagurinn  
með pensil  
og málaði glerið hvítt  
ég hafði aldrei séð  
jafn kalda mynd  
og starði króklöppin  
— ég vissi ekki að dagur  
gat verið svona hvítur —

PS  
Þegar ég var orðin stór komu dagarnir,  
ofnir úr marglitum draumum,  
gegnum blágrá augu mín.